



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Ævintýraborg Vogabyggð

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

Efnisyfirlit

Einkunnarorð Ævintýraborgar Vogabyggðar	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	4
3 Innra mat Útskálar	6
3 Innra mat Vogatunga	7
3 Innra mat Birkibær	8
3 Innra mat Bali	9
4 Innra mat sérkennslu	10
5 Innra mat – fjöltyngd börn	10
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	12
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	12
8 Foreldrasamvinna	13
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	13
10 Fylgigögn	13
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	13



Einkunnarorð Ævintýraborgar Vogabyggðar

Virðing – Gleði – Vellíðan

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það er viðamikil verkefni að stofnsetja nýjan leikskóla og það er að mörgu að vitja. Veturinn byrjaði á því að við opnuðum tvær deildar í húsnæði leikskólans Bakka í Grafarvogi. Okkur var tekið mjög vel á Bakka og deildum við húsnæði með þeim fram í desember 2022.

Í byrjun desember fengum við síðan lykllana af nýja húsnæðinu okkar hér í Naustavogi 13 afhenta, þá var byrjað að standsetja nýja húsnæðið.

Það var síðan þann 20. desember 2022 sem fyrstu börnin mættu í nýja húsið okkar, Ævintýraborg Vogabyggð í Naustavogi 13. Starfsfólkið fylgdi sínum börnum inn á deildar og voru allir fljótir að aðlagast nýja húsnæðinu, enda mjög spennandi að koma í nýtt hús fullt af nýju dóti.

Eftir áramótin fengum við þær fréttir að hluti af leikskólanum Hálsaskógi myndi koma til okkar vegna myglu í öðru húsinu þeirra. Það gerði það að verkum að við þurftum að endurskipuleggja okkar starf á ný með þörfum allra í huga. Útkoman varð sú að við myndum opna þrjár og hálf deild og Hálsaskógur tvær og hálf deild. Þannig við skiptum einni deilda á milli og sú deild var undir stjórnar eins deildarstjóra Vogabyggðar.

Aðlögun nýrra barna byrjaði síðan aðra vikuna í janúar og fór hún frekar hægt af stað að sökum veikinda hjá bæði börnum og starfsmönnum. Þetta hafði þau áhrif að aðlögun nýrra barna tók lengri tíma en áætlað var og lukum við í raun aðlögun ekki fyrr en í byrjun mars. Þetta tímabil var mikil áskorun þar sem við þurftum að skipta um deildarstjóra á tveim deildum vegna langtíma veikinda og það var einnig mikið um manneklu vegna tilfallandi veikinda starfsfólks. Verð ég að segja að á mínum 18 ára ferli sem leikskólastarfsmaður hef ég aldrei lent í öðrum eins veikindum hjá bæði börnum og starfsfólki, kannski eru þetta einhverskonar eftir köst veirunnar sem við nefnum ekki á nafn.

Þrátt fyrir flutninga á milli hverfa, sambýli við annan leikskóla, stofnun nýs skóla og veikinda í vetur hefur veturinn gengið vel. Samvistin við Hálsaskóg hefur gengið vonum framan og hefur það oft á tíðum verið mjög gott og gagnlegt að geta fengið hugmyndir frá svona flottum og rótgrónum skóla.

Aðaláherslan okkar í vetur hefur verið aðlögun og hvernig við getum tekið sem best á móti nýjum börnum. Yngstu deildirnar þrjár byrjuðu að vinna með Könnunarleikinn. Í Könnunarleik er börnunum skipt í litla hópa þar sem þau fá að leika sér með verðlausan efnivið, sem kennari hefur raða upp á ákveðinn hátt. Þetta ýtir undir að börnin noti sem flest skynfæri sín, þau skoða, snerta, hlusta, sleikja, þæla í jafnvægi, rými, afstöðu og fleira. Við höfum verið mjög dugleg að nota hjólin okkar þar sem hægt að hjóla um hverfið með 4 börn í hverju hjóli. Einnig hefur listasmiðjan okkar verið vel nýtt þar sem börn fá möguleika til þess að skapa.

Þrátt fyrir viðburðaríkan vetur hlakkar okkur mikið til þess að takast á við næsta skólaár. Í Ævintýraborg Vogabyggð starfar frábær hópur kennara með brennandi áhuga á leikskólastafi. Ég get ekki beðið eftir að halda áfram uppbyggingu þessa nýja skóla með öllu þessu frábæra starfsfólki.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Aðlögun	Á deildarstjóra-fundi.	Stjórnendur leikskólans	Hafa aðlögun einum degi lengri og meiri þátttaka foreldra.

Ytra mat

Viðhorfskönnun foreldra á vegum SFS

Á vormánuðum 2023 var framkvæmd foreldrakönnun á vegum SFS. Alls svöruðu 35 manns könnuninni eða 77,8 % þeirra sem fengu hana senda. Ekki er annað að sjá en að foreldrar séu nokkuð ánægðir með fyrstu mánuði í nýja skólanum okkar. Það verður gaman að geta borið saman niðurstöður milli ára á næsta ári.

Þáttur	2023	Reykjavík heild 2023
Heildaránægja	4,24	4,5
Barninu líður vel í leikskólanum	4,57	4,60
Tel barnið öruggt í leikskólanum	4,24	4,60
Vingjarnlegt andrúmsloft	4,26	4,59
Skólanum er vel stjórnað	4,07	4,35

Hámark er 5



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópu r, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Deildarstjórafundir markvissir -	Hafa deildarstjórafundir einu sinni í viku	Það verði sett í forgang að fundirnir séu haldnir	Leikskólastjór i og aðstoðarleiks kólastjóri	Sept '23	Maí '24	Fundagerðir frá deildarstjórafund um	Auka samskipti í stjórnendahóp num
Handleiðsla deildarstjóra	Innleiða stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deildarstjóra	Aðstoðar. hittir deildarstjóra 1 sinni í mánuði.	Aðstoðarleiks kólastjóri	Sept '23	Maí '24	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Öruggari og faglegr deildarstjorar
Uppeldis- og menntastarf							
Ritmál - sýnilegt	Ritmál verði sýnilegt innan deilda og í sameiginlegum rýmum	Merkja efnivið með myndum og bókstöfum	Deildarstjóri	Sept '23	Maí '24	Metið með ljósmyndum	Að allur efnivirður verði merktur með myndum og orðum
Málörvun fyrir alla	Að öll börn fá samverustundir við hæfi	Samverustundir verði reglulegar og markvissar	Deildarstjóri	Sept '23	Maí '24	Deildarfundum og deildarstjórafund um	Börnin taki þátt í samverustundum og náí að fylgjast með
Mannauður/ Leikskólabragur							
Hvetja starfsfólk til þess að fara á námskeið.	Að starfsfólk efli kunnáttu sína í starfi	Prenta út auglýsingar um námskeið og setja á kaffistofu	Leikskólastjór i og aðstoðarleiks kólastjóri	Sept '23	Maí '24	Skráning yfir hvaða námskeið starfsfólk hefur sótt yfir veturinn	Faglegra starf
Innra mat							
Starfsmannaviðtöl	Að allt starfsfólk fái viðtal við leikskólastjóra	Leikskólastjóri setur niður tíma fyrir allt starfsfólk	Leikskólastjór i	Jan '24	Júní '24	Leikskólastjóri heldur skráningu yfir viðtölin	Betri samskipti



3 Innra mat Útskálar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Könnunarleikur	Könnunarleikur einu sinni í viku, fyrir hvern hóp	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '23	Apríl '24	Halda skráningu fyrir hvert barn eftir hverja stund, bæði ljósmyndir, video og skriflega.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.
Jóga	Að vinna markvisst með öndunaræfingar og jógaæfingar með börnunum.	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '23	Apríl '24	Tileinkum okkur einfaldar öndunaræfingar og jógaæfingar.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.
Aðlögun	Foreldrar með börnunum (sbr. þátttökuaðlögun). 3 – 5 daga vikunnar. Metið eftir hverjum einstakling fyrir sig.	Allir starfsmenn. Deildarstjóri ber ábyrgð.	Ágúst '23	Okt '23	Starfsfólk metur lok aðlögunar hjá bæði börnum og foreldrum.	Líðan foreldra og barna af aðlögun.



3 Innra mat Vogatunga

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Jóga	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama	Að vinna markvisst með öndunaræfingum og jógaæfingum með börnunum.	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma Deildarstjórn ber ábyrgð	Sept '23	Apríl '24	Tileinkum okkur einfaldar öndunaræfingar og jógaæfingar.)	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn
Vinátta	Að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti, efla félagsfærni og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum.	Að vinna markvisst með söng og lestur í samverur tvísvar í viku	Allir starfsmenn. Deildarstjórn ber ábyrgð.	Sept '23	Apríl '24	Lögð er áhersla á að ná til þeirra barna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.



3 Innra mat Birkibær

UMBÓTARÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Könnunarleikur	Að börnin fái að leika með og kanna verðlausan efnivið án inngríps frá kennara.	Að vera með könnunarleik einu sinni í viku fyrir hvern hóp	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '23	Apríl '24	Halda skráningu um hvert barn eftir hverja stund bæði ljósmyndir, video og skriflega. Farið svo yfir á deildarfundum.	Reglulegir deildarfundir til að meta stöðuna
Jóga	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama og efla lífsleikni þeirra.	Að vinna markvisst með öndunaræfingum og jógaæfingar með börnunum	Allir starfsmenn framkvæma Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '23	Apríl '24	Til Einkum okkur einfaldar öndunaræfingar og jógaæfingar. Farið yfir á deildarfundum	Reglulegir deildarfundir til að meta stöðuna



3 Innra mat Bali

UMBÓTARÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmi r			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Stærðfræði (tölur og hugtök) Numicon/ Lubba	Börnin kynnist tölum, fjöldahugtöku m og öðrum stærðfræði hugtökum .	Spila borðspil. Tölur og stærðfræðihug tök séu gerð sýnileg í umhverfi barnanna.	Allir starfsmenn á deildinni framkvæm a Deildarstjór i ber ábyrgð	Sep '23	Apr '24	.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.
Jóga og hreyfing	Auka andlega velliðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama	Að vinna markvisst með öndunaræfinga r og jógaæfingar með börnunum.	Allir starfsmenn á deildinni framkvæm a Deildarstjór i ber ábyrgð	Sept '23	Apríl '24	Tileinkum okkur einfaldar öndunaræfingar og jógaæfingar.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Þessa fyrstu mánuði var ekki mikil sérkennsla hjá okkur. Þó voru nokkur börn í einstaklingskennslu.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Við notuðum TRAS og APES.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Þar sem þetta er nýr skóli var verið að kaupa allt námsefni fyrir sérkennslu.

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Skýrara verklag og skipulag	Hafa meira skipulag, og yfirsýn	Auka skráningar. Festa ákveðna þætti á dagsetninga r og tímabil	Sérkennslustjór i	Sept '23	Mái '24	Fundir með deildarstjórum	Að stuðningsaðilar upplífi öryggi og betra utanumhald.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Það kom ekkert fjármagn til okkar vegna fjölda barna og þetta er nýr skóli.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Hér er unnið með Gefðu 10.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Í samverustundum er markvisst unnið við að dýpka orðaforða barna.



Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við höfum nýtt Orðaskil og TRAS. En við stefnum á að byrja nota „Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla“ á næsta skólaári.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þáttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já það er lögð áhersla á þessa hluti á fjölbreyttan hátt í daglegu starfi með börnunum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Markmiss málörvun	Þau tvítyngdu börn sem þurfa fá markvissa málörvun	Sérkennslustjóri i skipuleggur hópa sem fara í málörvun reglulega.	Sérkennslustjóri	Sept '23	Maí '23	Skráning og fundur með deildarstjórum	Öll tvítyngd börn hafi fengið málörvun eftir þörfum.
Hæfniramma í íslensku	Innleiða á skráningar tækið, „Hæfniramma á íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.	Sérkennslustjóri og annað starfsfólk fylla út Hæfniramma n fyrir öll börn sem eru að læra fleiri en eitt tungumál	Sérkennslustjóri	Sept '23	Maí '23	Gátlisti og fundur með deildarstjórum	Öll börn sem læra fleiri en eitt tungumál eigi útfyllta lista



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Haldin voru stutt starfsþróunarsamtöl í apríl og maí. Leikskólastjóri tók stutt viðtöl við alla starfsmenn og þau gengu mjög vel. Það var unnið úr þeim með þeim hætti að koma til móts við óskir starfsfólks fyrir næsta skólaár.

Fræðsla

Flestir skipulagsdagar fóru í undirbúninga á nýja skólanum og að skipuleggja starfið. Við heimsóttum reyndar um það bil fjóra leikskóla til þess að fá hugmyndir. Einnig fengum fræðslu frá Seth Sharp um jákvæðni sem heitir „Gleði, hamingja og Bjartsýni“.

Starfsfólk í námi skólaárið 2022 -2023

Einn starfsmaður lauk meistaranámi í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður lauk grunnnámi í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður er í meistaranámi í leikskólakennarafræðum.

Námskeið

Þrjú starfsmenn sóttu námskeiðið „ADHD og leikskólinn hvað getum við gert“.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ævintýraborg Vogabyggð tók ekki þátt í neinu samstarfi við aðra leikskóla, þar sem þetta er nýr skóli. Ekkert samstarfs var á milli skólastiga þar sem við vorum ekki með nein börn sem voru að fara í grunnskóla haustið 2023.



8 Foreldrasamvinna

Þarf sem Ævintýraborg Vogabyggð hefur bara verið formlega starfræktur frá 20. desember 2023 höfum við en ekki stofnað foreldrafélag, en það verður gert í haustið 2023.

Foreldraráð var skipað í júní 2023.

Í því ráði eru: Einar Örn Gíslason, Eyþór Agnarsson og Jenný Harðardóttir.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar næsta skólaárs eru eftirfarandi:

13. október 2023

24. nóvember 2023

2. janúar 2023

15. mars 2024

15. apríl 2024

17. maí 2024

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Ævintýraborg Vogabyggðar

Ragna Kristín Gunnarsdóttir

1. september '23

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024
Ævintýraborg Vogabyggð

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Einar Örn Gíslason

Jenný Harðardóttir

Eyþór Agnarsson



Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Umsögn foreldraráðs Ævintýraborgar í Vogabyggð

Foreldraráðið er sammála öllum helstu áherslum leikskólans. Við teljum mikilvægt að kennsla barnanna sé fjölbreytt og skapandi. Ráðið er ánægð með umbótaáætlun vegna sérkennslu og telur notkun TRAS og annarra matsgagna mjög mikilvæga og jákvæða fyrir börn leikskólans. Fyrri inngríp inn í málörvun barna sem á þurfa að halda geta skipt verulegu máli fyrir áframhaldandi málþroska og aðra félagslega þætti sem fylgja samskiptum og barni út í lífið. Fyrirhugaðar umbætur á verklag fyrir börn af erlendum uppruna er gott, og mikilvægt er að þau börn og fjölskyldur þeirra finni fyrir öryggi og njóti góðs af leikskólakennslunni. Foreldrakannanir eru af hinu góða og teljum við að þær stuðli að betra upplýsingaflæði milli foreldra og leikskóla mikilvæg málefni sem snúa að vellíðan barnanna o.fl.

Einn af umbótaþáttum sem Vogatunga tilgreinir („Vinátta“) snertir á eflingu félagsfærni, m.a. með það að markmiði að fyrirbyggja einelti. Skoða mætti að útvíkka þetta til annarra deilda upp að því marki sem þetta er ekki sérstaklega tilgreint þar. Þetta er ekki síst mikilvægi í samhengi við málþroska og samskiptahæfileika sem eru mögulega misjafnir, og helgast m.a. af ólíkum tungumálabakgrunni barnanna.

Áherslan á hjólatúra og yoga er frábær og mælir foreldraráðið eindregið með því að yoga verði liður í kennslu. Eins eru könnunarleikir fyrir yngstu börnin mjög spennandi og það var gaman að sjá afrakstur af þessu starfi á opnu húsi fyrir foreldra síðastliðin vetur. Símenntun starfsmanna leikskólans eru mjög góðar fréttir þar sem að þetta eykur á þekkingu og hæfni starfsmanna sem mun án efa skila sér í betri kennslu fyrir börnin.

Líkt og áður segir er foreldraráðið sammála áherslum leikskólans, og útkoma innra mats fyrir deildir lofar góðu. Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um það góða starf sem þar á sér stað, til að



mynda svo að þeir geti unnið áfram með þau þemu og hugtök sem verið er að kenna börnunum, eftir að heim er komið.

Foreldraráðið er ánægð með einunnarorð leikskólans Virðing – Gleði – Vellíðan.

Foreldraráðið mælir með að áhersla verði einnig lögð á útiveru, hreyfingu og samverustundir með söng og teljum við það rýma vel við fallegu einkunnarorðin **Virðing – Gleði og Vellíðan**.



Leikskóladagatal 2023 - 2024

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ		1 F	1 S	1 M	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Þáskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M		2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ Skipulagsdagur	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjömannadagurinn	2 Þ
3 F		3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F		4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L		5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S		6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans - foreldrakaffi 14:30 - 16:00	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	Friðdagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F Ævintýraskokk	7 S
8 Þ		8 F Dagur læsis	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M		9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F		10 S	10 Þ	10 F Foreldrakaffi 14:30 - 16:00	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M Sumarfrí til 7. ágúst
11 F		11 M	11 M	11 L	11 M Jólalegur dagur	11 F	11 S Dagur íslenska táknmálsins	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L		12 Þ	12 F Bleikur dagur	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S		13 M	13 F Skipulagsdagur	13 M	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M		14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M Óskudagur	14 F	14 S	14 Þ	14 F Sumarhátíð	14 S
15 Þ		15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 S	15 L	15 M
16 M		16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F		17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M Skipulagsdagur	17 M Ljöveldisdagurinn
18 F		18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L		19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Bóndadagur - Þorrablot	19 M	19 Þ	19 F	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F
20 S		20 M	20 F	20 M Dagur mannréttinda barna	20 M	20 L 1. árs afmáli leikskólans	20 L	20 Þ	20 M	20 L Annar í Hvítasunnu	20 F	20 L
21 M		21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 F Alþjóðlegi downsdagurinn	21 S	21 Þ	21 F
22 Þ		22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M		23 L	23 M	23 F	23 L Þoriáksmessu	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F		24 S	24 Þ	24 F	24 S Skipulagsdagur	24 M Aðfangadagur jóla	24 L	24 S	24 M Pálmasunnudagur	24 M	24 F	24 M
25 F		25 M	25 M	25 L	25 M Jólalagurinn	25 F	25 S	25 M	25 F	25 S Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ
26 L		26 Þ Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 S	26 F	26 F Annar í jölum	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 M
27 S		27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M		28 F	28 L	28 F	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ		29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M		30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F			31 Þ	31 F	31 S	31 M		31 S	31 F	31 F		31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dwellja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka